



Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	08.05.19.
Málalykill	00.10.1
Mál nr.	1905089

Reykjavík, 7 .maí 2019

Bergljót Sigurbjörnsdóttir  
Forstöðumaður fjölskyldusviðs  
Garðatorg 7  
210 Garðabær

**Varðar: Styrkumsókn.**

Í Klúbbnum Geysi er boðið uppá endurhæfingu fyrir einstaklinga sem eiga eða hafa átt við geðraskanir að stríða. Meginmarkmið klúbbsins er að styðja klúbbfélaga til að verða virkir einstaklingar í þjóðfélaginu á ný eftir veikindi. Það er gert með virkri þátttöku þeirra í starfi Klúbbsins og aðstoð við að komast út á almennan vinnumarkað eða í nám, samhliða endurhæfingu í klúbbnum.

Klúbburinn Geysir hóf starfsemi sína haustið 1999 og verðum við 20 ára í september á þessu ári. Í dag eru félagar 416 talsins. Árið 2018 mættu að meðaltali 21 félagar á hverjum degi. Deildir klúbbsins eru tvær: Eldhús- og viðhaldsdeild og skrifstofu- atvinnu- og menntadeild. 285 félagar nýttu sér þjónustu Klúbbsins Geysis árið 2018.

***Klúbburinn Geysir er eina endurhæfingaúrræði sinnar tegundar á Íslandi fyrir geðsjúka. Flestir sem sækja hann eru af höfuðborgarsvæðinu og bæjarfélögum í nágrenni Reykjavíkur.***

Frá upphafi starfseminnar hefur fjöldi klúbbfélaga hafið störf á almennum vinnumarkaði eða farið í nám. Á árinu 2018 voru 25% félaga í vinnu og 12% í námi af þeim sem svöruðu símakönnun 2018. Klúbburinn hefur sett sér skýr markmið um að hækka þetta hlutfall jafnt og þétt. Árangurinn er að sjálfsögðu til góða fyrir félagana en ekki síður fyrir þjóðfélagið í heild.

Klúbburinn fer reglulega í gegnum ítarlegt sjálfsmat á starfinu og eru fengnir erlendir aðilar frá Clubhouse International til að taka starfið út. Klúbburinn fékk þriggja ára vottun á gæði starfseminnar í janúar árið 2016, sem gildir til 31. janúar 2020.